

Hulda Kristjánsdóttir

From: Ingvi Már Guðnason <ingvi@sass.is>
Sent: föstudagur, 6. september 2024 11:04
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Cc: Þórður Freyr Sigurðsson; Kötlusetur
Subject: Inngilding - erindi til sveitarstjórnar
Attachments: Inngildingarverkefni SASS 2024.pdf

Til sveitarstjórnar Flóahrepps,

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) bjóða ykkur til þátttöku í verkefni sem hefur það að markmiði að efla sjálfbæra lýðfræðilega þróun og inngildingu erlendra íbúa á Suðurlandi. Verkefnið hefur þegar verið unnið í sveitarfélögunum Hornafirði, Skaftárhreppi, Mýrdalshreppi og Rangárþingi eystra, og nú bjóðum við öllum 15 sveitarfélögum á svæðinu þátttöku.

Markmið verkefnisins:

Verkefnið miðar að því að aðstoða sveitarfélögin á Suðurlandi við að móta og innleiða móttökuáætlanir fyrir nýja íbúa, sem stuðla að aukinni inngildingunni íbúa og efla jákvæða byggðapróun. Sjá nánar í meðfylgjandi verklýsingu.

Óskað er eftir:

Að sveitarfélögin á Suðurlandi tilnefni tengiliði til þátttöku í samráðshópi, sem mun miðla reynslu og þekkingu sín á milli. Tengiliðurinn tekur þátt í reglubundnum fundum, deilir þar stöðu og þróun með öðrum tengiliðum sveitarfélaga í formi jafningjafræðslu, líkt og gert hefur verið í sveitarfélögunum sem komið hafa að verkefninu á fyrri stigum. Eins verður á sumum þessara funda boðið upp á fræðsluerindi og önnur viðeigandi upplýsingamiðlun sem tengist málaflokknum.

Stuðningur frá SASS:

SASS mun sjá um að skipuleggja mánaðarlega fundi, veita ráðgjöf og stuðning við innleiðingu vegvísis fyrir hvert sveitarfélag, byggðan á stefnumörkun og aðgerðum sem stuðla að aukinni inngildingunni. Ásamt því að leggja til sérfræðinga sem veita munu sértækari stuðning og fræðslu.

Við vonumst til að þið taki þátt í þessu mikilvæga verkefni og tilnefnið tengilið sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir:

Harpa Elín Haraldsdóttir, 866-3045
byggðapróunarfulltrúi og forstöðukona Kötluseturs (kotlusetur@vik.is)

Þórður Freyr Sigurðsson, 692-9030
sviðsstjóri þróunarsviðs SASS (thordur@sass.is)

Með bestu kveðju,
Ingvi Már Guðnason
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)



Fjölmenning og inngildingaráætlanir á Suðurlandi

Framkvæmdalýsing

- Samantekt og kynning:

Verkefnið er framhaldsverkefni og byggir þeim lærdómi og reynslu sem komið hefur út úr verkefninu til þessa. Unnið verður að kynningu til handa sveitarfélögunum á Suðurlandi. Samantektin verður kynnt fyrir sveitarfélögunum samhliða þess að þeim verður boðin þátttaka.

- Skipan samráðshóps sveitarfélaga:

Sveitarfélögunum á Suðurlandi verður boðin þátttaka í verkefninu og þeim falið að tilnefna starfsmann sem tengilið og þátttakenda í verkefninu fyrir hönd þess sveitarfélags.

- Stöðumat og gerð vegvísa

Út frá þekktum viðmiðum verður staða sérhvers sveitarfélags metin. Út frá stöðu og ásetningi hvers sveitarfélags verður unnið að vegvísi í átt að því hvernig sveitarfélagið geti með markvissum hætti aukið inngildningu í sínu sveitarfélagi, s.s. með stefnumörkun, aðgerðum og verkferlum.

- Jafningjafræðsla:

Lagt verður upp með að lágmarki einum fundi í hverjum mánuði með öllum tengiliðum sveitarfélaganna. Um verður að ræða fundi í formi jafningjafræðslu, þar sem boðið verður upp á erindi, samtöl við lykilaðia í tengdum stofnunum, sérfræðinga og aðra sem geta aukið á tengsl eða þekkingu viðkomandi starfsmanna í málaflokknum. Janframt er lögð áhersla á miðlun þekkingar og reynslu sveitarfélaganna í málaflokknum, sín á milli.

- Handleiðsla:

Við leiðsögn og aðstoð við framfylgd vegvísis hvers sveitarfélags verður verkefnisstjóri í hlutverki ráðgjafa. Sveitarfélögin munu því njóta þeirrar handleiðslu hvert og eitt og vegferð hvers sveitarfélags fylgt eftir með þeim hætti. Verkefnisstjóri er því meðvitaður um stöðu hvers og eins, getur dregið fram sambærilegar áskoranir inn í jafningjafræðsluna eða kallað til sérfræðinga eftir þörfum.

